

SÝNISHORN

**úr bókinni Radda padda
sem ekki má skadda**

Leggið viðeigandi raddblæ í sérmerktu orðin í textanum: **Glaðlega - spekinglega - óttasleginn.**




„Sjáðu Tappi tútú þarna lengst inn í munninum er einhver spotti sem hangir niður,” sagði Tappi títi *gláðlega*.



„Já það er úfurinn **(spyrjið börnin hvort þau viti hvar úfurinn er. Notið teikningu til að sýna þeim hann eða spegil)** í okkur,” sagði Tappi tútú *spekinglega*.

Litlu tapparnir trítluðu **(hvernig trítlum við?)** á litlu fótunum sínum eftir tungunni **(hvar er tungan í okkur?)** þangað til þeir komu að úfinum.

„Passaðu þig Tappi tútú. Ekki detta. Þetta er alveg stórhættulegt,” sagði Tappi títi *óttasleginn*.

„Hérna er alveg koldimmt gat á bak við úfinn og göng sem liggja lengst niður. Hljóðin koma örugglega upp úr þessum göngum. Getur þú kíkt niður Tappi títi minn?”





Leggið viðeigandi raddblæ í sérmerktu orðin í textanum: **Skjálfraddaður - hughreystandi.**




Tappi títi greip um úfinn og leit niður. „Ég sé svona trampólínbotn með gati í miðjunni og það kemur loft upp úr gatinu. En ég er skíthræddur að detta hérna niður,” sagði Tappi títi *skjálfraddaður*.


„Vertu ekki hræddur Tappi títi minn. Þetta eru örugglega raddböndin sem búa til hljóðin. Hvernig eru þau?” sagði Tappi tútú *hughreystandi*.



„Mjúk og ljósrauð og svona blaut. En það er einhver bóla á þeim svo þau geta ekki lokað gatinu,” sagði aumingja Tappi títi og var enn *skjálfraddaður*.



Leggið viðeigandi raddblæ í sérmerktu orðin í textanum: **Kallaði - hræddur - hrópaði - hás.**



„Bíddu“ **kallaði** Tappi tútú. „Ég ætla líka að hanga í úfinum og kíkja niður.“

Allt í einu fór strákurinn að öskra. Raddböndin titruðu og skulfu. Litlu tapparnir fuku til af því að það kom svo mikill blástur upp um raddböndin.

„Af hverju kemur svona mikill blástur?“ sagði Tappi títi **hræddur** og hélt sér í fast í úfinn. „Maður verður bara að passa sig á að fjúka ekki eitthvað út í buskann.“



„Ég veit,“ **hrópaði** Tappi tútú. „Bólan á raddböndunum. Auðvitað geta raddböndin ekki lokast. Bólan er fyrir. Þess vegna kemur allt þetta loft upp með röddinni. Ætli þetta sé ekki kallað að vera **hás**. Þá kemur svona mikið loft með röddinni.“

